

# Framboð til kirkjuþings

Elísabet S. Ólafsdóttir

3. kjördæmi  
Kjalarnesprófastsdæmi

Ég gef kost á mér til setu á kirkjuþingi.

Ég er formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar og var áður varamaður í sóknarnefnd.

Sem formaður hef ég fengið tækifæri til að taka þátt í öflugum starfi í sókninni og krefjandi verkefnum eins og td. að gera upp Mosfellskirkju í Mosfellsdal sem var að hruni komin.

Í Lágafellssókn fer fram öflugt og metnaðarfullt starf sem byggir á samvinnu, frumkvæði og sterkri þjónustulund. Sem dæmi má nefna að kirkjusókn hefur aukist verulega undanfarið og barnastarf hefur aldrei verið eins öflugt, þar sem fjölskyldur koma saman og taka þátt í "Úlfastund". Starfsfólk leggur sig fram við að skapa hlýlegt og opið samfélag þar sem allir finna sig velkomna og fá stuðning í daglegu lífi.

Áhersla er lögð á vandaða og faglega þjónustu, góð samskipti og að bregðast við þörfum fólks á hverjum tíma. Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt að kynnast starfinu í Lágafellssókn og hvatning fyrir mig til að láta gott af mér leiða í fleiri verkefnum fyrir kirkjuna.

Bakgrunnur minn er fyrst og fremst sáttamiðlun, ég starfaði sem skrifstofustjóri og sáttasemjari hjá ríkissáttasemjara í 40 ár. Ég er lærður sáttamiðlari frá MII, Mediators Institute of Ireland og starfa nú sjálfstætt sem sáttamiðlari, ásamt öðrum verkefnum.

Ég er félagslynd og hef mikla ánægju af samvinnu með góðu fólki. Í gegnum árin hef ég verið virk í margs konar félagslífi og tek td. við sem umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi núna í sumar.

